



580. fundur stjórnar SASS

Austurvegi 56 Selfossi

1. apríl 2022, kl. 12:30 – 14:00

Mætt: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Helgi Kjartansson varaformaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Einar Freyr Elínarson, Grétar Ingi Erlendsson, Lilja Einarsdóttir, Njáll Ragnarsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Jóna Sigríður Guðmundsdóttir og Friðrik Sigurbjörnsson boðuðu forföll. Þá taka þátt Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviðs og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð

Fundargerð 579. fundar staðfest og undirrituð. Eldri fundargerðir undirritaðar.

2. Sóknaráætlun Suðurlands

Uppbyggingarsjóður Suðurlands fyrri úthlutun 2022

Í byrjun mars rann út umsóknarfrestur til að sækja um styrk í Uppbyggingarsjóð Suðurlands í fyrri úthlutun 2022. Alls bárust 90 umsóknir, sem er töluvert færri umsóknir en hafa borist í síðustu úthlutanir. Umsóknirnar skiptust þannig; 59 umsóknir bárust í flokk menningarverkefna og 31 umsóknir í flokk atvinnu- og nýsköpunarverkefna.

Fagráðin gera tillögu um að úthluta alls kr. 35.935.000,- til samtals 60 verkefna. Fagráð menningar gerir tillögu um að veita 43 verkefnum styrk af 59 eða 73% umsókna samtals að fjárhæð kr. 21.200.000,- en úthlutun reyndist vandasöm fyrir fagráðið, þar sem gæði umsókna voru mikil og verkefni verðug styrks.

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar gerir tillögu um að veita 17 verkefnum styrk af 31 eða 55% umsókna samtals að fjárhæð kr. 14.735.000,-. Ekki voru gerðar fleiri tillögur sökum þess að aðrar umsóknir uppfylltu ekki formskilyrði eða var á annan hátt ábótavant.

Þórður Freyr kynnir nánar vinnu fagráðanna og forsendum sem liggja til grundvallar tillögunum.

Stjórn samþykkir tillögu fagráðs menningar óbreyttar. Eftirtalin menningarverkefni hljóta því styrk:



Heiti verkefnis	Umsækjandi	Fjárhæð
Skjálftinn - fyrir öll ungmenni á Suðurlandi	Biðukolla ehf.	1.000.000
Hafsjór / Oceanus - alþjóðleg listahátíð á Eyrarbakka	Byggðasafn Árnesinga	1.000.000
Stúlkán í turninum skólatónleikar	Góli ehf.	1.000.000
Sumartónleikar í Skálholti 2022	Sumartónleikar Skálholtskirkju	1.000.000
INSIDE OUT Samsýning alþjóðlegra listamanna og fanga	Múrar brotnir, félagasamtök	1.000.000
Suðurlandsdjazz	Sigurgeir Skafti Flosason	900.000
Undirliggjandi minni	Ólafur Sveinn Gíslason	800.000
Hafsjór Oceanus	Ásta Vilhelmina Guðmundsdóttir	800.000
Sælureitir í suðri	Kristín Björk Kristjánsdóttir	800.000
Eruð þið ánægð ef þið fáíð að spyrja að einhverju?	Listasafn Árnesinga	800.000
Fiðlufjör 2022	Chrissie Telma Guðmundsdóttir	700.000
Húskveðja	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	600.000
Eider Project-Æðarrækt tilraun	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	600.000
Englar og menn - Tónlistarhátíð Strandarkirkju 2022	Englar og menn ehf.	600.000
Hreyfing í föstum formum	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	600.000
Stelpur filma á landsbyggðinni	Inga Margrét Jónsdóttir	500.000
Norðurljósablús 2022 tónlistarhátíð	Blús- og rokklúbbur Hornafjarðar	500.000
Big Country Ball með gímaldin, Jóhanni Morávek og Lúðrasveit	Gísli Magnússon	500.000
Hleðslunámskeið_Torffjós	Hannes Rúnar O Lárusson	500.000
Hátíðartónleikar á Skálholtshátíð 2022	Jón Bjarnason	500.000
Njála í myndum	Þorsteinn Jónsson	500.000
Sinfóníuhljómsveit Suðurlands í Listasafni Árnesinga	Góli ehf.	400.000
Tæknivæðing náttúrugripasafns Vestmannaeyja	The Beluga Operating Company ehf.	400.000
Lögin hans Vosa	Félag um Tyrkjaránssetur í Vestmannaeyjum	350.000
Íslensku þjóðlöginn á framandi slóðum	Vestmannaeyjabær	350.000
Skapandi rými	Midgard Adventure ehf.	350.000
Bókverkasmíðjur með Lóu H. Hjálmtýsdóttur	Listasafn Árnesinga	300.000
Enskir gullaldarsöngvar	Eyjólfur Eyjólfsson	300.000
Ratleikur - útfærsla	Listasafn Árnesinga	300.000
Systradúó	Elísabet Anna Dudziak	300.000



Tónastund	Katrín Birna Sigurðardóttir	300.000
Kristinn Benediktsson ljósmyndasýning	Vestmannaeyjabær	300.000
Hugverk og listasmiðja á Landsmóti hestamanna	Hugverk í Heimabyggð	300.000
Sjávarföll	Hjördís Jóhannsdóttir	300.000
Með Vík í vasanum	Kötlusetur ses.	300.000
Málþing um myndlæsi	Listasafn Árnesinga	250.000
Sumarnámskeið í Listasafni Árnesinga	Listasafn Árnesinga	200.000
Listasafn Árnesinga á arabísku	Listasafn Árnesinga	200.000
Gramsað í gömlum nótum	Sunnan 4 ehf.	200.000
Af hverju Ísland? Podcast	Vestmannaeyjabær	200.000
Gluggar í Skálholti - Tónleikar	Jón Bjarnason	200.000
Styrkja safnamuni	Fischersetur á Selfossi	100.000
Hagyrðingakvöld	Harmonikufélag Hornafjarðar	100.000

Brýndís Eir vikur af fundi þar sem fyrirtæki sem hún tengist á umsókn í flokk atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Það er gert til að tryggja málsmeðferð við úthlutunina og er til samræmis við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

Stjórn samþykkir tillögu fagráðs atvinnuþróunar- og nýsköpunar óbreytta. Eftirtalin atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni hljóta því styrk:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Fjárhæð
Smjér	Smjer ehf.	2.000.000
Bakland að Lágafelli	Halldór Áki Óskarsson	1.500.000
Áskot hestapjálfunarstöð	Kalsi ehf.	1.500.000
Kambey	Kamban Visual production slf.	1.500.000
Íslenskt hágæða hvítlaukssalt unnið úr vannýttu hráefni	Fersk þurrkun ehf.	1.000.000
Smart Kart Vol.I	Festivus ehf.	1.000.000
Tilraunir og vöruþróun með íslenskt Wasabi og sveppi	Fersk þurrkun ehf.	1.000.000
Eldtungur Hot Sauce - Markaðssókn	Laufey Sif Lárusdóttir	800.000
Íslensk furutré - eiginleikar og virkni til jurtalækninga	Katrín Erla Kjartansdóttir	800.000
Meiri hreyfi-afþreying, kort af leiðum og ratleikur	Guðmundur Fannar Markússon	600.000
Markaðssetning á Hlöðueldhúsinu í Þykkvabæ	Loki 28 ehf.	500.000
SKRÚFAN vistvænt sköpunarhús	Sigrún Þuríður Runólfsdóttir	500.000
Sátt í Sorg	Valgerður Helga Einarsdóttir	500.000
Viðskiptaáætlun, hönnun og vöruþróun	AWE ehf.	500.000
Uppbygging þurraðstöðu fyrir innlent timbur	Skógræktarfélag Árnesinga	450.000
Zip Island	Sindri Ólafsson	400.000
Fjallauill sf.	Hildur Hjálmsdóttir	185.000

Brýndís Eir kemur á fundinn að lokinni umfjöllun og afgreiðslu.



3. Önnur mál til kynningar og umræðu

- a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka.

Lagðar fram til kynningar; fundargerðir 35. og 36. funda stjórnar SSNE, fundargerð 537. fundar stjórnar SSH og 105. fundar svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, fundargerð 777. fundar stjórnar SSS, fundargerð 167. fundar stjórnar SSV, fundargerð 74. fundar stjórnar SSNV, fundargerðir 5. og 6. stjórnafunda Markaðsstofu Suðurlands og fundargerðir 907. og 908. funda stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

- b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni í liðnum mánuði og hvað framundan sé.

- c. Fjármálaáætlun ríkisins 2023 – 2027

Formaður kynnir að fjármálaáætlun ríkisins 2023 – 2027 sé fram komin. Sveitarstjórnir eru hvattar til að fjalla um áætlunina.

- d. ART þjónusta – stefnumótun 2022 - 2024

Formaður kynnir að unnið hefur verið að stefnumótun fyrir ART verkefnið fyrir árin 2022 – 2024. Vinnan fór að mestu fram á fundum ART teymisins með ráðgjafa í febrúar og mars 2022 en auk þess byggir hún á vinnufundum teymisins með framkvæmdastjóra SASS í upphafi árs 2022.

Umræðu verður fram haldið þegar útfærsla aðgerðaáætlunar liggur fyrir.

- e. Skýrsla tengd málefnum fatlaðra

Formaður kynnir að LOF-hópurinn svokallaði, sem hefur verið að vinna kostnaðargreiningu á kostnaði sveitarfélaganna við þjónustu við fatlað fólk, hafi að mestu lokið við gerð skýrslunnar og hún verði útgefin fljótlega.

- f. Matvælasjóður

Formaður kynnir að opnað hafi verið fyrir umsóknir í Matvælasjóð en heildarúthlutunarfé sjóðsins er 593 m.kr. Hlutverk sjóðsins er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu íslenskra matvæla og hliðarafurða þeirra úr landbúnaðar- og sjávarafurðum á landsvísu. Umsóknarfrestur er til 19. apríl nk.

- g. Almenningsamgöngur á landsbyggðinni

Framkvæmdastjóri vekur athygli á morgunaverðarfundi Vegagerðarinnar um almenningssamgöngur á landsbyggðinni. Stofnunin hefur það verkefni að fylgja eftir stefnu stjórnvalda í almenningssamgöngum hvort heldur sem er í lofti, láði eða legi. Vegagerðin ber þannig ábyrgð á heildstæðu leiðarkerfi með ferjum, ríkisstyrktu flugi og almenningsvögnum á landsbyggðinni og að tryggja þannig örugga tengingu á milli byggðarlaga. Á fundinum var kynnt hvernig starfi Vegagerðarinnar í þessum málum er háttað og hvað framtíðin gæti borið í skauti sér. Einnig var fjallað um Herjólfr sem þjónar almenningssamgöngum. Upptaka af fundinum er aðgengileg [hér](#).



Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 25. apríl nk. kl. 13:00. Um fjarfund verður að ræða.

Fundi slitið kl. 14:00

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Helgi Kjartansson

Lilja Einarsdóttir

Arna Ír Gunnarsdóttir

Grétar Ingi Erlendsson

Ari Björn Thorarensen

Einar Freyr Elínarson

Njáll Ragnarsson

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir